

Samninginn skal varðveita í skjalasafni finnska utanríkisráðuneytisins og staðfest afrit af honum skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna. 126 31. des.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þenna milliríkjasamning.

Gert í Helsingfors hinn 28. ágúst 1951 í einu eintaki á íslensku, finnsku, norsku, en í tveim á sænsku.

Steingrímur Steinþórsson. Vihtori Vesterinen
Aaslaug Aasland. Gustav Möller.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

127
24. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna aukinnar lánsfjarþarfar Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar, sé nauðsynlegt að hækka lánsheimild þá, er um ræðir í 2. gr. laga nr. 63/1950, um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, upp í 40 millj. kr. og þar sem verið er að vinna að öflun lánsfjár, sé nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög um hækkun lánsheimildarinnar.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að hækka nú þegar lánsheimild þá, er hér um ræðir, til Sogs- og Laxárvirkjunarinnar, gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. króna í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 63/1950.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.